

Vöktun umhverfispáttá 2016

við aflagðan urðunarstað í landi Fjósa við Búðardal

1. Inngangur

Sveitarfélagið Dalabyggð ber ábyrgð á viðhaldi aflagðs urðunarstaðar í landi Fjósa, rétt norðan við byggðina í Búðardal. Eftirlit við urðunarstaðinn tekur mið af fyrirmælum Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun, sem gefin voru út 11. júní 2014. Með þjónustusamningi, dags. 14. janúar 2016, tók Umhverfísráðgjöf Íslands ehf. í Borgarnesi að sér reglubundið eftirlit, mælingar og sýnatöku við urðunarstaðinn í samræmi við grein 1.8 í fyrnefndum fyrirmælum.

Mynd 1 sýnir staðsetningu urðunarstaðarins í grófum dráttum.



Mynd 1. Staðsetning aflagðs urðunarstaðar Dalabyggðar norðan við Búðardal.

Komið hefur verið fyrir tveimur mælibrunnum við urðunarsvæðið, öðrum ofan þess (HVM121, hnattstaða N65°06,98' – V21°45,37') og hinum fyrir neðan (HVM170, hnattstaða N65°07,02' – V21°45,50'). Eftir er að koma þriðja brunninum fyrir neðan við svæðið í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun og skal hann staðsettur í samráði við Umhverfisstofnun. Tekin skulu sýni úr brunnunum til efnagreininga í samræmi við

fyrirnefnd fyrirmæli fyrir 1. október annað hvert ár. Staða grunnvatns í brunnunum skal einnig mæld fyrir 1. maí og 1. október ár hvert.



Mynd 2. Aðkoma að gamla urðunarstaðnum við Búðardal 27. apríl 2016.

2. Sýnataka og mælingar 2016

27. apríl 2016

Um var að ræða hefðbundna mælingu á grunnvatnsstöðu að vori. Mæling fór fram milli kl. 11:30 og 12:00 miðvikudaginn 27. apríl 2016 í norðaustan kalda. Veður var þurrt að mestu en kastaði smáéljum. Hiti var um frostmark. Kl. 12 sýndi veðurstöð í Ásgarði NNA 8 m/sek, hitastig upp á $-0,2^{\circ}\text{C}$ og 85% raka. Umhverfið allt var snjólaust en lítils háttar aurbleyta í holtum. Urðunarsvæðið var þurrt og þrífalegt að því frátölu að nokkur haugur hafði safnast í norðvesturhorni þess.



Mynd 3. Laust rusl í norðvesturhorni gamla urðunarstaðarins við Búðardal 27. apríl 2016.

3. Grunnvatnsstaða

Staða grunnvatns var mæld í fyrsta sinn 27. apríl 2016 og verður framvegis mæld tvisvar á ári í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun. Tafla 1 sýnir grunnvatnsstöðu í mælibrunnum frá upphafi mælinga.

Mælibr. nr.	27.04.2016 frá brún
HVM121	-1,56
HVM170	-2,52
Nýr br.	-

Tafla 1. Grunnvatnsstaða við gamla urðunarstaðinn við Búðardal frá og með vorinu 2016. (Ath. verður breytt í m.y.s. þegar hæðarpunktur liggja fyrir).



Mynd 4. Efri mælibrunnurinn (HVM121) við gamla urðunarstaðinn við Búðardal.
(Myndin er tekin 27. apríl 2016).



Mynd 5. Neðri mælibrunnurinn (HVM170) við gamla urðunarstaðinn við Búðardal.
(Myndin er tekin 27. apríl 2016).

4. Niðurstöður efnagreininga

Fyrstu sýni til efnagreininga verða tekin fyrir 1. október 2016 í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun. Greint verður frá niðurstöðum í þessum kafla.

Borgarnesi 30. apríl 2016
Stefán Gíslason,
UMÍS ehf. Environice